



Um Sameinuðu þjóðirnar, Keflavíkurflugvöll, ræða og svar 22. og 25. nóvember í Political

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Sameinuðu þjóðirnar – Keflavíkurflugvöllur – Political – 22
og 25 nóvember

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-2, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reðð T.P. 22.nov.: Politíseal
Comm.

Herra forseti: Það má segja, að mál það, sem nú er til umræðu hér og ~~ver~~ á dagskránni er kallað "fordaming undirbúnings nýrrar styrjaldar og ^{gjörd} semmingur 5-velda sáttmála til að styrkja friðinn" sé málefni, sem ráða stti og ákveðast eingöngu af þessum fimm veldum, sem vanalega eru kölluð stórveldi. Ýkkur kann þessvegna að undra það, heiðruðu nefndarmenn, að íslenzka sendinefndin, sem er fulltrúi fámennustu þjóðarinnar meðal Sameinuðu þjóðanna, skuli óska að láta til sín heyra í þessu mikla máli. En svo er þó, að petta málefni friðarins eða ófriðarins er þýðingarmesta málefni okkar alþjóða félags skapar. Það er spurningin, sem er efst í huga fólks allestaðar í heimnum, þar sem friðarþráin og friðarbætur eiga sér djúpar ratur í hjörtum fólksins á hverjum bletti hnattarins.

Engin þjóð ber heitari og einlagari friðaróskir en íslenzka þjóðin, sem sjálf er algjörlega varnarlaus, og sem jafnvel augljósar ~~er~~ en nokkur önnur þjóð, hefir öllu að tapa ef til ófriðar kemur.

Hnattstaða Íslands er í miðju Atlantshafinu. Fyrir styrjöldina vorum við næstum því jafn fjarlægt frá því, sem þá var kallað hinn gamli og nýji heimur, en í dag erum við jafn nálægt því, sem við köllum Vestrið og Austrið. Í aldaraðir vorum við verndaðir af einangrun okkar. En í dag erum við mitt á siglinga- og loftleiðum Atlantshafsins, sem við þó vonum, að verði aldrei notaðar til styrjalda og árása.

Það hefir verið sagt, að eitt af því fáa góða, sem leitt hafi af síðustu heimsstyrjöld sé það, að heimurinn hafi orðið smærri og þjóðir heimsins hafi nú frjálslegri samskipti en áður. Petta getur, samt sem áður, ekki átt við um allar þjóðir, og hvað smæð veraldarinnar viðvíkur, þá getur það einnig haft ískyggilegar hliðar, ekki sízt fyrir okkar þjóð. Í dag

má heita að sérhver þjóð geti náð til sérhverrar annarrar.

Þetta er staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við, hik-laust, greinilega og djarflega.

Íslendingar hafa öðlast nokkra reynslu, ekki aðeins í síðustu heimsstyrjöld, heldur einnig í hinni fyrri. Á þessum tveim hörmunga tímabilum varð Ísland að vera háð Bandaríkjunum um öflun matvæla og birgða, og sérstaklega var þetta greinilegt í síðustu heimsstyrjöld, þegar við máttum heita algjörlega háðir öflun lífsnauðsynja frá Bandaríkjunum, enda hófust þá nánari tengsl verzlunar, viðskipta og stjórnmála milli Bandaríkjanna og Íslands en nokkru sinni fyrr.

Eg er þess ekki fullviss, að öllum fulltrúunum hér sé kunnugt um aðgerðir okkar, ákvarðanir og örlog í síðustu styrjöld, eða á árunum fyrir og eftir styrjöldina. Eg bið yður þessvegna, herra forseti, velvirðingar á því, að eg minnist þessa með nokkrum orðum.

Svo bar við, að vorið 1939 voru Íslendingar heiðraðir með sérstakri heimsókn af sendinefnd frá sjálfum Hitler. Til þess að leggja ríkari áherzlu á þýðingu þessarar sendinefnar, kom þýzkt herskip um líkt leytti í heimsókn til höfuðborgar okkar. Tilgangur þessarar sendinefnar var að fá samþykki okkar til að byggja þýzkan flugvöll á Íslandi, og við vorum hátiðlega fullvissaðir um það, að flugvöllinn skyldi eingöngu nota í viðskiptaskynni. Okkur var heitið hylli og velvild Foringjans ef við vildum aðhyllast þetta. Þess ber að minnast, að á þessum tíma voru viðskipti okkar við Þýzkalund mjög þýðingarmikil, og atvinnulífið byggðist að verulegu leyti á góð-vild Pjóðverja og skilningi. En samt sem áður, við vorum allir sammála. Við hikuðum hvergi. Við vorum allir sammála um að segja "nei". Okkar ákveðna svar vakti enga hrifningu í Þýzkalundi. En við vorum reiðubínir að pola afleiðingarnar, sem

samt sem áður, urðu ekki svo alvarlegar, en aðeins vegna þess, að Nazistarnir urðu brátt önnum kafnir við að láta aðrar þjóðir pola enn meira. Eg veit, að ykkur þykir það hljóma einkennilega, fulltrúar góðir, að Ísland skuli hafa verið fyrsta landið, sem tókst að veita Nazistunum viðnám.

Hinn 10. maí, 1940, kom ~~það~~ brezkt herlið til Íslands til þess að taka ~~það~~ ^{tað} vernd landsins. Þess ber að geta, að við höfðum ekki beðið um þessa vernd. En Bretarnir vissu þá, það sem síðar varð heiminum kunnugt, að það var atlun Nazistanna að hernema Ísland. Sambúð okkar við brezku stjórnina og við brezka herinn var mjög vingjarnleg, og vegna hinnar traustu og æfa gömlu vináttu okkar við brezku þjóðina, vorum við fullvissir þess, að Bretarnir ~~Vöru~~ komnir til Íslands okkur báðum til hags, og þeir mundu hverfa þaðan svo fljótt sem ástaður leyfðu. Við höfum alltaf dáð brezku þjóðina og borlög fyllsta traust til hennar, og sambúð okkar við Bretana á styrjaldarárunum varð til þess að styrkja enn betur vináttu okkar.

Brezki herinn þurfti að hverfa á brott fyrr en ráðgjört hafði verið. Bretar áttu í stríði fyrir tilveru sinni viðsvegar um hnöttinn, og það var þörf á hverjum manni í baráttunni sjálfri. Svo bar því við, að með sérstökum samningi, sem við gjörðum af frjálsum vilja við forseta Bandaríkjanna, Franklin D. Roosevelt, hinn mikla verndara smáþjóðanna, steig amerískt herlið á land á Íslandi í júlímaði 1941 til þess að taka ^{að} ~~það~~ séir vörn landsins. Enda þótt að kynni okkar við Bandaríkin veru eigi svo traust sem vináttu okkar við Bretan, treystum við stjórn Bandaríkjanna og þjóðina. Her Bandaríkjanna hafði ekki verið lengi á Íslandi, þegar fólkini fór að finnast að hér veru á ferð vinir okkar, og eftir að Nazistar höfðu ráðist á Sovétríkin, virtist dvöl Bandaríkjahersins vera fagnað af nær allri þjóðinni.

Í samningi okkar við Roosevelt forseta var svo ákveðið,

að bandaríski herinn skyldi hverfa frá Íslandi við lok styrj-
aldarinnar. Svo varð ~~1946~~^{og} í október, 1946, samkvæmt sérstökum
viðbótarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna,
samkvæmt heimild frá Alþingi okkar Íslendinga. Við höfðum aldrei
efast um það, að Bandaríkjameinir ~~hýrdu~~^{hýrdu} hér til brott eins og þeir
höfðu lofað, og meðan þeir dvoðust á Íslandi gettu þeir þess
atíð að forðast afskipti af okkar eigin málum. Það er einkennandi
fyrir framkomu Bandaríkjamaðrana, að vinátta okkar í þeirra garð
byggist að mestu á viðkynningunni við þá að meðan þeir dvoðu
á Íslandi, og munu þó sumir kalla það hernámstíma. En þessi
vinátta er sönnun frjálslegs, lýðræðislegs hugsanaháttar, sem
báðum þjóðum er gefinn. Slík er okkar reynsla. Það hefði verið
fagur draumur að mega trúá því, að aldrei aftur þyrfti neinn að
óttast nýjan ófrið. Vissulega hamingjusamur draumur, en veru-
leikinn er annar. Við getum ekki lokað augunum fyrir því, að
nú í dag, illu heillli, eru tveir heimar í þessari veröld *~~þessum~~ tíma, og eins og nú er ástatt reynast sáttaróð smápjóð-
anna þýðingarlaus. Við verðum að eins að vona að þetta hrylli-
lega ástand ótta og kvíða lífi eigi til lengdar, og að vinátta
og frjálemannleg umgengni stórveldana komi í stað vantrausta
og útilokunar.

A meðan þetta ástand hélzt, varð okkar litla þjóð
knúin til að hugsa um eigin vernd ef hætta skylli aftur yfir.
Allt annað hefði verið algjör vanræksla og ábyrgðarleysi, því
það er augljóst orðið, að Sameinuðu þjóðirnar skortir styrk og
festu til að bregðast meigilega fljótt við og afstýra hættunni.
Þegar þess vegna rétt var um Atlantshafssáttmálann, hlaut það
þá ekki að verða hlutskipti okkar að notfara okkur reynslu þá,
er við höfðum öflast í styrjöldinni og teka höndum saman við
vini okkar og nágranna, sem við treystum fyllilega. Við vitum,
að þeir munu aldrei hefja árás á neina þjóð, og að þeir munu

af fremsta megni leitast við að hindra hverja þá áras, sem hafin veri. Atlantshafssáttmálinn er varnarbandalag, og við álitum það vera okkar skyldu og okkur til heilla að gjörast aðillar. Eg vona nú að enginn fulltrúanna hér freisti þess að slá fram þeirri fyrndi, að við séum stríðssingamenn. Ísland hefir engan her, engan flota, hvorki ~~é~~ legi né lofti, og við höfum vopnlausir verið frá upphafi sögu vorrar. Við höfum aldrei farið með ófrið á hendur neinni þjóð, og við getum aldrei og viljum aldrei lýsa ófriði á hendur neinni þjóð, eins og við lýstum yfir, þegar við gengum í Sameinuðu þjóðirnar, og endurtókum, þegar við undirritaðum Atlantshafssáttmálann. Við erum sjálfir varnarlausir, en við vitum það, að landið okkar hefir geystilega þýðingu til að vernda ~~öryggis~~ siglingar og flugferðir milli Evrópu og Ameríku. Gjórið ykkur ljóst, hversu vafasöm hefði orðið crustan um Atlantshafið í síðustu styrjöld, ef Ísland hefði þá verið í höndum Þjóðverja. Hversu ógurlega miklu byngri hefðu ekki þær fórnir reynst, sem nauðsynlegar voru til að halda opnum siglingaleiðunum til Bretlands og Rússlands til þess að koma þangað lifsnauðsynlegum vörum og hernaðarbekjum.

Með því að undirrita Atlantshafssáttmálann vildum við einnig gera það ljóst, að við eigu heima og viljum eiga heima í hinu frjálsa samfélagi lýðreðisfríðara þjóða.

Við komumst ekki hjá því á stundum að ~~undirriti~~ það, ^{efast um það} hvort Ísland munið má í dag njóta síns fullkomna frelsis ef land vort hefði verið bernumið af einhverjum öðrum þjóðum. ^{Lugleidjan er fremur} Við undrumst það jafnvel, hvort hinn erlendi her hefði þá verið horfina á brott. Við komumst ekki hjá því að bera saman okkar farselsa hlutskipti við hin serglegu örlog sumra smáþjóða í Evrópu.

Að grundvelli reynslu vorrar, munum við taka afstöðu til þeirra tveggja tillagna, sem nú liggja fyrir okkur. Íslenska

sendinefndin var um hríð að vona það, að hinn virðulegi utanríkisráðherra hinnum voldugu Sovétríkja mundi skrá þátttöku sína í þessu þingi á þann hátt, er sagan aldrei gæti gleymt, sem sé. með því að rétta fram friðarsveig, sem við allir getum tekið fegins hendi. En þegar við lesum yfir tillögu hinnar virðulegu Sovét sendinefndar, þá efumst við um það, hvort þeir atlist til þess, að hún verði samþykkt, hvort hún er ekki framborin í þeim tilgangi, að hún yrði felld, svo að unnt veri síðar að ráðast á þá, sem felldu hana og kalla þá striðsæsingamenn. Við erum ekki með öllu óvanir elíkum söferðum. I fyrstu málsgrein tillögu Sovétríkjanna eru Bandaríkin og Bretland forðand sem striðsæsingamenn, og undir þessu merki er þeim sagt að fylkja sér bað við Sovétríkin, bæta ráð sitt og gjöra nýjan friðarsáttmála við þau. Hinn virðulegi fulltrúi Bandaríkjanna, Ambassador Austin, skýrði vel og rekilega fyrir okkur nýlega, hver verari reynsla Bandaríkjanna í sambandi við framkvæmd ýmsara samninga, sem þeir nýlega hafa gjört við Sovétríkin, og eg skal ekki gjöra það að umraðu efni. En tillaga Sovétríkjanna er þannig orðuð og framborin, að það er ókleyft fyrir íslenzku sendinefndina að greiða henni atkvæði. Við munum þess vegna greiða atkvæði tillögu þeirri, sem Bandaríkin og Breitar báru fram. Eg vil lítillega víkja að nokkrum atriðum í þessari tillögu, sem svo réttilega ber nafnið "undirstöður friðarins". Friðurinn byggist ekki á nýjum sáttmála, heldur á samvinnu þjóðanna, og margar hliðar þeirrar samvinnu eru skýrðar í þessari tillögu.

Önnur málsgrein beinir því til allra þjóða að "forðast hótanir eða aðgjörðir, beinar eða óbeinar, sem miða að því að skerða frelsi, sjálfstæði og sjálfsforræði nokkurs ríkis, eða að því að efla innanlandsdeilur og kúga vilja almenninga í nokkurru ríki". Ekkert getur verið hættulegra eða líklegra til að koma á stað ósýrðum og jafnvel ófriði, en afskipti eins

ríkis af mállefnunum annarra sjálfstæðra ríkja, hvort sem þetta er gjört af erlenda ríkinu sjálfu eða af erindrekum þess. Sérstaklega þyrti hið eyðileggjandi athafi fimmstu herdeildarinnar að hattu áður en hinn óþolandir verknaður þeirra leiðir til ófarnaðar. Athafi fimmstu herdeildarinnar getur orðið svo alvarlegt, að það tefli í hattu frjálsu framkvæmdavalda löglega kosinna, lýðfrjálsra ríkisstjórna, og jafnvel hindri eða stöðvi atvinnulíf og framleiðslu þjóðanna.

X
Onnur þýðingarmikil málsgrein er 4. málsgrein. Þar er
~~skilningin að þi hvernig~~ megin þýðingur ~~þess~~ ^{þeg hefir að}
~~gildi einstaklinginum se verndad og að frysigt se~~
~~að vernda virðuleika~~ mannanna, fyllsta frelsi til þess að
viðhafa friðsamlega andstöðu í stjórnmálum, fullkomnið trúarbragða-
frelsi, og fullkomna virðingu fyrir öllum mannréttindum, sem skráð
eru í Sáttmála Mannréttindanna". ^{þess}

Pessi málsgrein er túlkun eða grundvöllur, sannleikana, að frjáls veröld verði að byggjast af frjálsu fólk. Þegar fólkis er frjálast, ^{að} sunn ~~það~~ ákveða sín örlog, þá er mjög lítil hattá á styrjöld. Fólkis kýs ekki strið gegn öðrum þjóðum eða gegn sjálfu sér. Menn vita, að ný styrjöld farir aðeins rústir og eymd yfir alla. Sagan sannar, að það eru einraðisherrarnir, sem ~~það~~ hrynda af stað styrjöldum. ^{það} ~~Getum~~ ^{þjóðum} ~~gefum~~ ^{þjóðum} fullt pólitiskt frelsi meðal allra þjóða, og heiminum mun vel farnast.

Það eru margar aðrar undirstöður friðarins nefndar í tillögu Bandaríkjanna og Bretta. Margir aðrir meðum hafa lýst þeim, og eg skal ekki fara frekara út í það.

Sameinuðu þjóðirnar hafa nú starfað í nærfelt 4 ár. Þar voru skepaðar við miklar vonir og ~~glóðan~~ bjartsýni. Menn héldu jafnvel, að ~~friðurinn~~ veri fenginn. Um gjörvallan heim fögnuðu menn, er þeir heyrðu sagt "Við hinum Sameinuðu þjóðir höfum ákveðið að bjarga komandi kynslóðum frá eyðingu ófriðarins". Menn fögnuðu því, að aðal tilgangur Sameinuðu þjóðanna var að vernda alþjóðlegan

X) að efta skilningin að þi hvernig megin þýðingu það hefir að gildi einstaklinginum se verndad og að frysigt se frelista felsi etc.

frið og öryggi. Mönnunum hefir verið gefinn sterktari og við-
tekari friðarsáttmáli en nokkru sinni fyrr. Hver ^{reigna} ~~sig~~ er það
þá nū fjórum árum síðar, að fólk um allan heim, er slégið ótta,
kvíða og tortryggni. Látum hverja þjóð spyrja sjálfa sig
hversvegna. Látum ^{ser} ~~hver~~ ^{tja} ~~segja~~ heiminum hver er ásetningur
^{kennt} þeirra. Við spyrjum hver annan: Quo Vadis? Sérstaklega vill
heimurinn spyrja hin voldugu Sovétríki þessarar spurningar. Látum
~~einnig hin stórveldin sváður spurningu~~
og látum svör þeirra allra verða heyrum kunn meðal allra þjóða,
^{sel a form} ~~ef~~ ^{bað} eru
einnig meðal Sovétríkjanna. Látum ljótan ásetning, ef ~~kennt~~ eru
til, hverfa á brott, og látum hin góðu áform vorða kunn. Þá
mun kvíðanum létt verða og almenningur í öllum löndum getað
andað frjálelegra og lifað í rö.

Við eignum nú friðarsamning, sem bindur 59 þjóðir
~~saman~~, þ.e. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Smáþjóðirnar líta það
óhýru auga, ef stórveldin eru að leitast við að stofna einhvern ^{Kanar}
ríkra manna klúbb, þar sem aðrir eru útilokaðir. Kannske til-
gangurinn sé sá, að stórveldin eigi að gjöra svokallaðan friðar-
samning og síðan að skipta heiminum á milli sín í áhrifasvæði.
Sílfar tilraunir hlytu að vekja tortryggni smáþjóðanna.

Það er skoðun okkar, að öruggasta leiðin til þess
að tryggja heimsfriðinn sé að gjöra virkan friðarsamninginn,
sem felst í sjálfum sáttmálanum okkar. ~~Ef~~ við gjörum það, þá
er meðal allra þjóða stofnað athafnafrelni, hugsanafrelni og
trúfrelni, og ótti ⁱⁿⁿ dreyfist ^{þá} ~~burtu~~. Heimsfriður mundi ~~up~~
^{renna} hljótest og sálarfriður yrði hlutskipti manna.

Íslenzka sendinefndin trúir á framtíð Sameinuðu
þjóðanna, og vill styrkja hana. Þessvegna munum við vongóðir
greiða atkvæði tillöggunni um undirstöður friðarins, þar sem
við enn á ný ^{vottum} ~~værum~~ hollustu hinum háleitu hugsjónum Sáttmálans.

Svar F.T. 25. nov. i Politicas
Comm.

Herra forseti:

hefji orðað athugasemdir

Ég vil segja nokkur orð í sambandi við ræður þér, sem hinn virðulegi utanríkisráðherra Sovétríkjanna og hinn virðulegi fulltrúi Póllands hafa haldið hér undanfarna tvo daga.

Það er eitt atriði í báðum þessum ræðum, sem ég verð að mótmæla, þ.e. hinar fmynduðu herstöðvar á Íslandi, sem báðir ræðumenn virtust óttast svo mjög.

Pegar herra Vjshinsky hinn 23. nóvember s.l. reyndi að andmæla hinum virðulega fulltrúa Venezuela sagði hann ~~xxix~~ ~~xxx~~ ~~xxxi~~ ~~xxxii~~ ~~xxxiii~~ ~~xxxiv~~ ~~xxxv~~ og ég tek ummæli hans upp úr hinum orðréttu fundargerðum: "Herstöðvar og flugstöðvar atti ekki að byggja á erlendri grund og hafi það verið gert atti að taka þær burt. Það vill nú svo til, að síðara atriðið á við um Ísland, sem Bandaríkin útbúa nú sem herstöð - sem flugvélamáðursskip á fastri grund."

Í ræðu þeirri sem hinn virðulegi fulltrúi Póllands ^{blowski} / herra Wier / hélt í ger, sagði hann, og ég tek ummæli hans ^{einungis} upp úr hinum orðréttu fundargerðum: "Pegar Bandaríkjamenn fóru frá Íslandi, gleymdu þeir þá ekki einhverju á þeirri kyrrlátu eyju? Ég held að þeir hafi gleymt einhverjum herstöðvum eða er þar ef til vill einungis um mannvirki að ræða, sem ekki eru hernaðarlegs eðlis. Sú tegund slíkra mannvirkja, sem Hitler byggði fyrir nokkru."

Ég vil nú byrja með því að segja fulltrúa Póllands frá því, að ég skil alls ekki ~~xxix~~ við hvað hann á, ef hann er að tala um mannvirkni, er Hitler hafi látið byggja á Íslandi. Nazistar hafa aldrei byggt mannvirkni á Íslandi, og ég er hræddur um, að fulltrúi Póllands hafi ekki hlustað á mig, þegar ég hélt ræðu mína hinn 22. nóvember eða ~~þó~~ að rússneska þýðingin hafi ekki verið rétt. Í ræðu minni lagði ég ríka áherzlu á það, að Hitler vildi vorið 1939 fá heimild okkar til þess að byggja flugvelli á Íslandi, sem okkur var sagt að attu einungis að nota í sambandi við friðsamlegt millilandaflug. ^{En} ^{Kunnum skila} Við fylgdumst með gangi heimsmálanna og héldum að ef til vill væri um annað að ræða, og við höfnuðum því einróma þessari kröfu Hitlers. Þar sem þetta gerðist einungis nokkrum

mánuðum áður en styrjöldin hófst og þar sem herstöðvar Breta og Bandaríkjamanna á Íslandi, meðan á styrjöldinni stóð, höfðu stórkost-lega þýðingu í sambandi við flutning vista til Rússlands er gerðu Rússum því landi fært að berjast áfram til sigurs gegn Pjóðverjum, þá mætti herra Wierblowski gjánnan minnast pessa.

Að því er snertir Herstöðvar Bandaríkjamanna, sem bæði fulltrúi Póllands og Sovét-Rússlands töluðu óttaslegnir um, vil ég fullvissa þá og alla aðra fulltrúa hér um það, að á Íslandi eru engar amerískar herstöðvar og Ísland mun ekki láta nokkurri þjóði í té herstöðvar á friðartínum. Bandaríkjamenn gleymdu engu á Íslandi, enda þótt herra Wierblowski gefi það í skyn. Auðvitað hlaut hinn stóri flugvöllur að verða þar eftir - slík mannvirki er ekki haegt að taka með sér. En um þann flugvöll, Keflavíkurflugvöllinn, gerði ríkisstjórn Íslands að fenginni heimild Alþingis, sem fulltrúi Póllands réttilega nefndi elzta þing heimsins, samning við ríkisstjórn Bandaríkjanna. Alþingi veitti heimild sína til þeirrar samningsgerðar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða og var samningurinn síðan gerður hinn 7. október 1946. Pessu til skýringar vil ég leyfa mér að lesa upp nokkrar greinar þess samniðgs, sem nú er opinber milliríkjjasamningur og skrásettur hjá Sameinuðum þjóðunum svo sem vera ber.

Í 2. grein samningsins segir svo:

"Flugvallarhverfið við Keflavík ... ásamt öllum öhreyfan-legum mannvirkjum, er Bandaríkin hafa reist þar ... skulu afhent íslenzku stjórninni. Skal flugvöllurinn þá verða skýlaus eign íslenza ríkisins, samkvæmt þeim skuldbindingum, sem Bandaríkin hafa áður tekizt á hendur þar að lútandi."

Priðja grein samningsins hljóðar þannig:

"Stjórn Bandaríkjanna mun svo fljótt sem auðið er flytja á brott það herlið og sjólið Bandaríkjanna, sem nú er í Reykjavík, og innan 180 daga frá gildistöku samnings þessa mun hún smátt og smátt flytja á brott allt herlið og sjólið Bandaríkjanna, sem nú er á Íslandi."

Tólfتا grein samningsins er á þessa leið:

"Samningur þessi skal gilda á meðan á stjórn Bandaríkjanna hvílir sú skuldbinding að halda uppi herstjórn og eftirliti í Þýzkalandi; þó má hvor stjórnin um sig hvemar sem er, eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, fara fram á endurskoðun hans. Skulu þá stjórnirnar hefja viðræður svo fljótt sem auðið er. Leiði slíkar viðræður eigi til samkomulags innan sex mánaða frá því að fyrst kom

fram beiðni um endurskoðun, er hvorri stjórninni um sig heimilt, hvenær sem er að beim tíma liðnum, að tilkynna skriflega þá fyrirætlun sína að segja upp samningnum. Skal samningurinn þá falla úr gildi tólf mánuðum eftir dagsetningu sílkrar uppsagnar."

Eftirfarandi staðreyndir eru því fyrir hendi:

- (1) Allt herlið Bandaríkjanna hefir verið flutt frá Íslandi fyrir löngu síðan. Í dag hefir ekki nokkur einastú amerískur hermaður setu á Íslandi né heldur eru þar nokkrar herstöðvar.
- (2) Flugvöllurinn er eign íslenzka ríkisins. Honum er stjórnað af íslenzkum yfirvöldum, en Bandaríkin hafa heimild til að ráða sérfræðinga í flugvallatækni vegna friðsamlegrar notkunar (civilian operations) meðan samningurinn er í gildi og meðan verið er að þjálfa íslendinga í flugvallatækni.
- (3) Að samningstímanum liðnum, eigi síðar en 1953, mun Ísland ákvæða, hvort samningurinn verður framlengdur eða ekki. Samkvæmt Stjórnarskrá okkar myndi framlenging samningsins eigi geta átt sér stað án samþykkis hins frjálsa lýðræðispings okkar.

Ofangreindar staðreyndir gjöra það augljóst, að allt ~~skauf~~^{tal} um herstöðvar á Íslandi er gjörsamlega út í hött og úr lausu lofti gripið.